

REGLUR UM ÚTLÁN SAFNGRIPA ÚR ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

12. gr.

Flutningur gripa úr fornleifarannsóknum til útlanda

Flutningur gripa úr fornleifarannsóknum til útlanda

Þegar flytja þarf gripi og sýni úr fornleifarannsóknum skal það gert á eftirfarandi hátt.

Flutningur gripa úr fornleifarannsóknum úr landi:

- Umsækjandi sendir umsókn til safnaráðs.
- Safnaráð leitar álits forvarða Þjóðminjasafns Íslands og Fornleifaverndar ríkisins.
- Forverðir senda Fornleifavernd ríkisins álit sitt.
- Safnaráð ályktar um málið í samræmi við mat forvarða og Fornleifaverndar ríkisins.
- Safnaráð sendir úrskurð sinn og lista yfir gripi sem veitt er leyfi til að flytja úr landi til Fornleifaverndar ríkisins og til Munasafns Þjóðminjasafns Íslands.
- Menntamálaráðuneyti er gerð grein fyrir útflutningi með bréfi.
- Umsækjandi ber ábyrgð á að frágangur og þökkun sé með tryggilegum hætti.

Flutningur sýna úr fornleifarannsóknum úr landi:

- Umsækjandi sækir um leyfi til safnaráðs.
- Safnaráð óskar álits Fornleifaverndar ríkisins.
- Fornleifavernd ríkisins kannar umrædd sýni.
- Safnaráð tekur ákvörðun út frá álitni Fornleifaverndar ríkisins.
- Safnaráð sendir ályktun til umsækjanda og afrit til Fornleifaverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands.
- Menntamálaráðuneyti er gerð grein fyrir útflutningi með bréfi.
- Umsækjandi ber ábyrgð á að frágangur og þökkun sé með tryggilegum hætti.